

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 134/2021

2024/EES/7/04

frá 23. apríl 2021

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar
reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/775 frá 28. maí 2018 um reglur um beitingu 3. mgr. 26. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda að því er varðar reglur um tilgreiningu á upprunalandi eða upprunastað megininnihaldsefnis matvæla ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/802 frá 17. maí 2019 um leiðréttingu á grísku tungumálaútgáfunni af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/775 um reglur um beitingu 3. mgr. 26. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda að því er varðar reglur um tilgreiningu á upprunalandi eða upprunastað megininnihaldsefnis matvæla ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki við um Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 86a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1337/2013) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„86b. **32018 R 0775**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/775 frá 28. maí 2018 um reglur um beitingu 3. mgr. 26. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda að því er varðar reglur um tilgreiningu á upprunalandi eða upprunastað megininnihaldsefnis matvæla (Stjtið. ESB L 131, 29.5.2018, bls. 8), breytt með:

– **32019 R 0802**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/802 frá 17. maí 2019 (Stjtið. ESB L 132, 20.5.2019, bls. 21).

„Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er EES-samninginn varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi er bætt við 2. mgr. 1. gr.:

„Reglugerð þessi gildir ekki um landfræðilegar merkingar á landbúnaðarafurðum og matvælum sem njóta verndar samkvæmt reglum landsréttar í EFTA-ríkjunum.““

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 131, 29.5.2018, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 132, 20.5.2019, bls. 21.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2018/775 og (ESB) 2019/802, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. apríl 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. apríl 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.